



***„Bætt samstarf GRV og
íþróttahreyfingarinnar“.***

2012-2013

Lokaskýrsla. Verkefni nr 15.

Grunnskóli Vestmannaeyja
ÍBV íþróttafélag
Vestmannaeyjabær

Markmið verkefnisins: Að koma á formlegum samskiptum milli Grunnskóla Vestmannaeyja og ÍBV íþróttafélags. Efla áhuga, metnað og árangur ungra íþróttamanna í grunnskólanámi og íþróttum. Draga úr brottfalli úr íþróttum á viðkvæmum aldri. Draga úr vímuefnaneyslu unglunga. Fylgja skóla-, æskulýðs-, íþrótt- og forvarnarstefnu sveitarfélagsins.

Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði: Undirbúningshópur, sem formaður fræðslunefndar og bæjarstjóri áttu frumkvæði að því að yrði skipaður. Hópurinn samanstóð af fulltrúum skólans, skólaskrifstofunnar og íþróttafélagsins. Verkefni hópsins var að vinna að skipulagi og undirbúningi verkefnisins. Verkefnið var kynnt fyrir starfsfólki og kennurum skólans, foreldrum og nemendum sjálfum og leitað eftir áhuga til þátttöku. Vilji var meðal allra aðila til þátttöku og ráðinn var starfsmaður til að sinna þjálfun og utanumhaldi um verkefnið. Áhersla var lögð á formleg og gagnvirk samskipti grunnskólans og íþróttahreyfingarinnar. Stjórnendur og umsjónarkennarar skólans voru í góðum samskipum við þjálfara og gekk það samstarf hnökralaust. Nemendum, sem voru með íþróttir sem val, gafst kostur á að skrá sig til þátttöku. Þeir skrifuðu undir lífsstílssamning þar sem þeir hétu því að vera góðar fyrirmyndir fyrir félagi sína og jafnaldra, neyta ekki tóbaks eða annarra vímuefna, sýna kennurum og samnemendum virðingu og hlíta ströngum mætingar – og hegðunarreglum. Starfið hófst á vorönn 2012 og þá strax tóku 29 nemendur þátt og unnið var í samræmi við áætlun til vors. Næstu önn á eftir byrjuðu 34 nemendur í akademíunni en fimm þeirra gáfust upp því kröfur eru miklar til þessara nemenda. 29 nemendur luku önninni. Mikil gleði og samheldni ríkir í hópnum og nemendur styðja hver annan. Þeir sem komu að verkefninu funduðu að vori og fóru yfir það sem hafði gengið vel og einnig hvað þurfti að bæta, en ákveðið var að halda áfram á sömu braut og fara aftur svipað ferli. Verkefnið fékk góða kynningu í bæjarfélaginu og vakti áhuga og forvitni bæjarbúa sem og annarra sem heyrðu af því.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Lítið var um frávik. Þjálfari sem sá um vorönn 2012 hætti störfum og flutti burt og var þá ráðinn annar þjálfari sem tók við keflinu og hélt áfram þar sem frá var horfið.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Ekki varð vart við hindranir við vinnslu verkefnisins.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu: Þátttakendur nýttu sér orðspor akademíunnar til að segja „nei“ við jafnaldra sína ef þeim var boðið eitthvað sem braut í bága við lífsstílssamninginn sem þeir höfðu undirritað. Þeir fengu virðingu og skilning frá félögum sínum og samfélaginu öllu fyrir þátttöku sína í verkefninu. Fenginn var fyrirlesari til að fjalla um hugarfar, heilbrigðan lífsstíl og fæðuval og þess varð vart að áhugi nemenda á hollu fæði jókst og nemendur urðu meðvitaðri um það sem þeir láta ofan í sig. Fyrirlestur um matarræði fékk það mikla athygli að óskað var eftir svipuðum fyrirlestri fyrir alla nemendur skólans. Nú er verið að skoða hollustu máltíða og nestis sem boðið er upp á í skólanum. Haldin var málstofa um myndina

„Fáðu já“ sem tókst afar vel. Nemendur sem tóku þátt í verkefninu enduðu morgunæfingar á því að borða saman næringarríkan hafragraut sem nemendum skólans stendur til boða alla morgna fyrir skólabyrjun. Eitt af markmiðum verkefnisins var mikilvægi þess að nemendur stæðu sig vel í skólanum. Þeim var ætlað að skila verkefnum á réttum tíma, vinna heimanám og eiga góð samskipti við aðra nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Þegar misbrestur varð á þessu var haft samband við þjálfarana og óskað eftir að þeir ræddu við nemendur sem áttu í hlut. Þjálfarar ræddu við nokkra nemendur vegna slíkra mála og í kjölfarið kom í ljós að hegðun og ástundun viðkomandi nemenda hafði batnað verulega.

Mat á verkefninu skv umsókn: Stjórnendur skólans hafa haft góð samskipti við þjálfara og samstarfið verið með ágætum. Þátttakendur hafa sinnt grunnskólanáminu vel og gætt þess að ljúka verkefnum og standa sig vel í námi. Nokkrir nemenda hafa unnið sig upp í einkunnum og telja má að það geti tengst þessu verkefni. Til stóð að nemendur myndu nýta tímann í keppnisferðum til að sinna heimavinnu, en það hefur lítið komið til þess þar sem þeir hafa gætt þess að vera búnir með verkefni áður en lagt er af stað. Í febrúar 2012 sá fyrirtækið Rannsókn og greining um að gera rannsókn í öllum grunnskólum með 8. – 10. bekk á Íslandi. Þar voru viðhorf ungmenna innan og utan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar könnuð. Niðurstöður voru síðan greindar eftir greinum og íþróttahéruðum. Á þeim tíma var þetta verkefnið nýhafið þannig að ef til vill er ekki að merkja áhrif þess á viðhorf nemenda. Þó er vert að geta þess að nemendur GRV eru að jafnaði talsvert jákvæðari í svörum sínum en almennt gerist meðal jafnaldra þeirra á landsvísu, en m.a. er spurt um viðhorf þeirra til æfinga, þjálfara og íþróttafélags. Einnig er upplifun þátttakenda á þær áherslur sem lagðar eru í íþróttakeppnum um drengilega framkomu og heilbriggt líferni kannaðar. Þar kemur fram að þátttakendur upplifa að meiri áhersla er lögð á drengilega framkomu og heilbriggt líferni en sigur í íþróttakeppnum.

Niðurstöður verkefnisins: Telja má að verkefnið sé komið til að vera. Árlega fer fram kynning á verkefninu í skólanum (fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra). Einnig hefur verkefnið fengið kynningu í samfélagsmiðlum bæjarfélagsins. Niðurstöður eru þær að flestir nemendur sem hefja þátttöku leggja sig fram um að fara eftir reglum sem þeim eru settar. Um er að ræða áhugasama og kappsama einstaklinga sem fá athygli og virðingu út á þátttöku sína og staðfestu og sjá má að félagsleg samskipti þátttakenda innbyrðis, aukast og styrkjast.

Áætlun um kynningu: Bæjarbúar hafa fylgst áhugasamir með verkefninu. Forráðamenn og starfsmenn skólans segja stoltir frá börnum sínum. Verkefnið hefur fengið umfjöllun í samfélagsmiðlum og tengst áframhaldandi vinnu í framhaldsskólanum.

Annað sem er gagnlegt að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um: Vert er að geta þess að samskipti skólans og íþróttahreyfingarinnar hafa aukist og orðið skilvirkari. Áður var stundum rígur milli skólans og íþróttafélaganna þar sem nemendum var ætlað að taka sér frí í skóla til að geta farið í keppnisferðir. Kennarar skólans kvörtuðu yfir að nemendur kæmu stundum útkeyrðir og ósofnir í skólann eftir keppnisferðir og ólesnir. Þetta hefur breyst til hins betra og nú hafa þjálfarar, forráðamenn og kennarar samskipti sín á milli með tölvupósti og í Mentor þannig að þeir sem koma að nemandanum geta alltaf náð saman og skipst á skoðunum og upplýsingum. Verkefnið felur í sér öflugt verkfæri fyrir kennara, starfsfólk og foreldra til að höfða til þátttakenda og hvetja þá til að standa sig vel í skólanum, en sá þáttur er ein helsta sérstaða þessa verkefnis.

Vestmannaeyjum, 15. maí 2013

F. h. verkefnisstjóra
Erna Jóhannesdóttir fræðslufulltrúi

Skólastjóri ábyrgðarskóla
Fanney Ásgeirsdóttir

F.h. ÍBV íþróttafélags
Dóra Björk Gunnarsdóttir